

Sþ.

196. Tillaga til þingsályktunar

[101. mál]

um fiskirækt í fjörðum.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á möguleikum visindalegrar tilraunastarfsemi með fiskirækt og uppeldi nytjafiska í einstökum fjörðum, er hentugir kynnu að þykja til slíkrar starfsemi. Skal haft samráð við Hafrannsóknastofnunina og Fiskifélag Íslands um þessa athugun.

Greinargerð.

Á Fiskiþingi og ýmsum öðrum fundum útvegsmanna og sjómanna hefur á undanförnum árum oft verið rætt um nauðsyn þess, að hafizt yrði handa um fiskirækt og uppeldi nytjafiska í einstökum fjörðum í strandlengju Íslands. En að því er vitað er, mun lítið eða ekkert hafa verið aðhafzt í þessum efnunum. Það er hins vegar almenn skoðun, að brýna nauðsyn beri til þess að hefjast handa um visindalegar aðgerðir til ræktunar nytjafiska í hafinu með svipuðum hætti og gert hefur verið í ám og vötnum hér á landi og viðs vegar um heim.

Vitað er, að fiskistofnar í Norður-Atlantshafi eru i verulegri hættu. Hefur það komið fram í skýrslum og ummælum fiskifræðinga og er raunar öllum ljóst, sem um þessi mál hugsa. Það er því augljóst, að nýjar ráðstafanir til frekari verndunar fiskistofna við strendur Íslands eru óhjákvæmilegar. Kemur þá m. a. til greina takmörkun netaveiða á hrygningarsvæðum, friðun nýrra svæða fyrir botnvörpu og netaveiðum utan 12 mílna fiskveiðitakmarkanna og visindalegar aðgerðir til fiskiræktar.

Íslenzkir fiskifræðingar hafa unnið mikil og merkilegt starf á sviði fiskirannsókna og fiskileitar á undanförnum árum. Hefur þetta starf haft mikla þýðingu fyrir atvinnulif þjóðarinnar. En brýna nauðsyn ber til þess, að nýrra leiða verði freistað í þessum efnunum. Pess vegna er þessi tillaga flutt.